

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Skútustaðahreppi 2001.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skútustaðahreppi, sbr. 5. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi staðfestar af umhverfisstjórnuneytinu 11. apríl 2000, skal vera kr. 8.000 á árinu 2001. Innifalið í gjaldinu er hreinsunargjald.

#### 2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.400 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.800, ef til handsömunar kemur aftur.

#### 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps með tilvísun til heimildar í framangreindri samþykkt um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi og gildir fyrir árið 2001.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. nóvember 2000.

*F.h. Skútustaðahrepps, 27. desember 2000.*

**Sigbjörn Gunnarsson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um lögreglustjórásáttir, nr. 569 21. september 1998.

#### 1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað tölunnar „kr. 35.000“ kemur: kr. 300.000.
- b. Í stað tölunnar „kr. 100.000“ kemur: kr. 300.000.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, sbr. 5. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 2000.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

Björn Friðfinnsson.